

Viðtakandi: Alþingi nefndasvið

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar, Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir

Efni: *Umsögn um frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála, 15. mál*

Almennt:

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir því að eitt stöðugildi bætist við á Jafnréttisstofu þegar ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt og um stjórnslu jafnréttismála taka gildi. Þar sem hlutverk Jafnréttisstofu er mjög viðamikilið skv. þessum frumvörpum og kallar á sérþekkingu á fleiri sviðum en jafnrétti kynjanna þá þarf að íhuga vel hvort ekki þurfi að bæta við fleiri stöðugildum til að styrkja stofnunina og gera henni fært að sinna hlutverki sínu með sóma. Einnig mætti skoða möguleika á að sameina stofnanir til að nýta þá þekkingu sem fyrir er eins og t.d. Jafnréttisstofu og Fjölmenningssetur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr

Lagt er til að lög um kynrænt sjálfræði nr. 80 frá 2019 falli þarna undir enda er með kyni í frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna „átt við karla, konur og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé sérstaklega getið“.

4. gr.

Tiltekin eru í greininni fjölmörg verkefni sem Jafnréttisstofa ber ábyrgð á. Ítrekað er mikilvægi þess, sem fram kemur hér að ofan, að Jafnréttisstofu sé tryggt það fjármagn/mannafli sem hún þarf á að halda til að geta sinnt þessum verkefnum og mögulega sé hugað að sameiningu stofnana til að styrkja stjórnslu á þessu sviði.

7. gr.

Lagt er til að tveir af þremur fulltrúum hafi lokið embættisprófi eða meistaraþrófi í lögfræði og einn af þremur sé kynjafræðingur. Með þessu er tryggt að innan kæruneðndarinnar sé haldgóð þekking á jafnréttismálum en kynjafræði er þverfaglegt nám þar sem lögð er áhersla á kyn en jafnframt aðrar þætti s.s. uppruna, hinseginleika, fötlun og aldur.

13. gr.

Fram kemur í greininni að innan hvers sveitarfélags skuli gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun. Áætlunin skuli taka til markmiða og aðgerða er stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð m.a. við ráðstöfun fjármagns.

Lagt er til að hér sé meiri nákvæmni í orðalagi. Gerð er tillaga um eftirfarandi framsetningu: „Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða sveitarfélagsins sem stjórnvalds, veitanda þjónustu, atvinnurekanda og sem samstarfsaðila og verkkaupa. Jafnframt skal tilgreina hvernig ráðstöfun fjármagns sé jafnréttismetíð“.